

## 9. fundur Landbúnaðarnefndar Hrunamannahrepps

9. fundur landbúnaðarnefndar var haldinn 26. ágúst 2019 kl. 20:30 í Félagsheimili Hrunamanna. Nefndin mætti, Björgvin Ólafsson, Jóhanna Bríet Helgadóttir og Benedikt Kristinn Ólafsson, ásamt oddvita, fjárreigendum og fjallmönnum. Aðaldagskrá fundarins var komandi fjallferð.

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Raðað í leitir:

- a. Farið var yfir nöfn fjallmanna og óskir þeirra um leitir. Mikil aðsókn var í norðurleitina en færri komust að en vildu. Aðrir fengu þær leitir sem þeir sóttust eftir. Vonum að allir séu sáttir með sína leit. Allar leitir eru fullmannaðar, en þó vantar enn trúss í fyrra og eftirsafn. Þrír fjórhjólamenn verða í fyrrasafni og sex í eftirsafni.
- b. Lagt af stað frá Tungufellsdal klukkan 10:00 laugardaginn 7. september.
  - i. Það þarf að láta vita með fyrirvara hvort að menn ætla að nýta sér hagabeit fyrir hrossin í Tungufellsdal

#### 2. Fyrrasafn:

- a. Féð sem kemur í Kerlingarfjöllum verður sótt þangað á bíl frá Eiríki, auk þess sem hann sér um að sækja fé í Svínárnes í eftirsafni. Fyrir þessar tvær bílferðir fær hann hálfu leit fyrir.
- b. Norðurleit: Tveir hlauparar hyggjast fara með norðurleitarmönnum og hlaupa fjöllin og fleira.

#### 3. Eftirsafn: Nýtt fyrirkomulag kynnt.

- a. Opnar umræður um fyrirkomulagið og virtust allir sáttir með það.

#### 4. Matarmál

- a. Með sama sniði og í fyrra.

#### 5. Vestismál:

- a. Fjáreigendur útvegi vesti á sína fjallmenn. Gerðum samning við KH – vinnuföt. Það þarf að taka fram að viðkomandi sé úr Hrunamannahreppi þá fær hann afslátt. Fín vesti í nokkrum verðflokkum. Einnig er hægt að láta merkja vestin með t.d. bæjarnafni.

#### 6. Skilaréttir:

- a. Skilamenn í réttum eru eftirfarandi:
  - i. Reykjaréttir: Haraldur og Jóhanna Hrafnkelsstöðum
  - ii. Tungnaréttir: Styrmir á Þórarinsstöðum

- iii. Skaftholtsréttir: Siggi í Gróf.
- b. Mikilvægt að skilamenn láti fjáreigendur vita ef að þeir eigi fé í öðrum réttum.

## 7. Önnur mál

- a. Hugmynd um að koma upp nokkurskonar símaskrá fyrir fjallmenn með símanúmerum hinna fjallmannanna.
- b. Ítreka að nú á seinni árum er meiri tími til smölunar á daginn og því ekki þörf á að flýta sér og skilja þannig fé eftir.

Fundi slitið kl: 21:01.